

**Ávarp Jóns Atla Benediktsson, rektors Háskóla Íslands, við setningu
ráðstefnu um loftslagsmál. Haldið á Háskólatorgi, stofu 102,
föstudaginn 1. mars 2019 kl. 13.00**

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ráðherra umhverfis- og auðlindamála,
fundarstjóri, framsögumenn, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja nokkur orð hér í upphafi þessarar
glæsilegu og mikilvægu ráðstefnu um loftslagsmál. Um fátt er meira
rætt og ritað um þessar mundir en þá ógn sem stafar af hnattrænni
hlýnun, loftslagsbreytingarnar henni samfara og áhrif þeirra á veðurfar
og vistkerfi jarðarinnar.

Við brautskráningu kandi data í Háskólabíói sl. laugardag gerði ég þetta
stóra mál að umtalsefni í ávarpi mínu mínu. Rakti ég þar í upphafi þær
miklu framfarir sem orðið hafa á síðustu áratugum og öldum á nánast
öllum sviðum mannlífsins, hvort sem litið er aukins læsis, meira
jafnréttis, til minni ungbarnadauða, aukinna lífslíkna, meira öryggis
eða hagsældar, svo fáein dæmi séu nefnd. Í reynd hafa svo stórstígar
framfarir orðið að segja má að lífsskilyrði almennings hafi aldrei verið
betri en einmitt nú. Ástæður þessa eru margvíslegar, en þeirra
mikilvægust er vafalítið aukin menntun, ekki síst háskólamenntun,
rannsóknir, nýsköpun og markviss hagnýting hugvits.

Þrátt fyrir allt það sem áunnist hefur stöndum við nú frammi fyrir
fordæmalausri áskorun sem er sú alltumlykjandi vá sem

loftslagsbreytingar af manna völdum eru og geta stefnt gervallri siðmenningu okkar og í raun öllu lífi á jörðinni í hættu.

Þótt áskorunin sé svo stór að einhverjum kunni að fallast hendur hélt ég því fram í ávarpi mínu til kandiata fyrir tæpri viku að helsta vopn okkar í baráttunni við loftslagsbreytingar af manna völdum sé ekki aðeins að þjóðir heimsins temji sér sjálfbæra lifnaðarhætti í sátt og samlyndi við jörðina sem við byggjum og fóstrar okkur – heldur ekki síður að halda áfram skipulegum rannsóknum á náttúrunni og mannlegu samfélagi sem byggjast á þeirri hugsjón alls háskólastarfs að hafa ætíð það sem sannara reynist. Þetta er nú sem fyrr forsenda framfara og sá ótæmandi brunnur sem við munum geta ausið úr um ókomna tíð. Með aukinni menntun og rannsóknum háskóla og rannsóknastofnana mun okkur áfram takast að vinna litla og stóra sigra í baráttunni við aðsteðjandi ógnir á borð við loftslagsbreytingar, jarðvegseyðingu og útdauða dýrategunda. Hér skipti mestu að finna sífellt nýjar og frumlegar leiðir til að hagnýta hugvitið.

Góðir gestir. Háskóli Íslands er stærsta og öflugasta menntastofnun íslensku þjóðarinnar og hér er unnið mikið og fjölbreytt rannsóknastarf sem með einum eða öðrum hætti tengist loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra. Á þetta ekki aðeins við um fræðasvið verkfræði og náttúruvísinda, heldur einnig félagsvísindi, heilbrigðisvísindi, hugvísindi og menntavísindi. Það er því ábyrgð okkar allra sem hér starfa að taka frumkvæði að málefnalegri umræðu um alla þætti loftslagsbreytinga og áhrifa þeirra.

Til þess að við getum glöggvað okkur á hnattrænni hlýnun og loftslagsbreytingum henni samfara er nauðsynlegt að skilja hin eðlis- og efnafræðilegu ferli sem liggja að baki og meta afleiðingar þeirra á vísindalegan og raunsannan hátt. Því er á þessari fyrstu loftslagsráðstefnu Háskóla Íslands, sem haldin er að frumkvæði Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, lögð áhersla á að skýra eðlis- og efnafræðilegan grundvöll þeirra jarðvísindalegu ferla sem stýra loftslagi á jörðu og greina frá niðurstöðum rannsókna og mælinga sem lýsa þeim betur. Einnig verður fjallað um helstu afleiðingar loftslagsbreytinga á lífríki, land og haf, jökla, fiskistofna og gróðurfar.

Á ráðstefnunni munu margir af fremstu sérfræðingum Háskóla Íslands og samstarfsstofnana á þessu sviði flytja erindi. Með þessu sýnir Háskóli Íslands frumkvæði að því að stuðla að málefnalegri umræðu um alla þætti þessa mikilvæga málefnis og væntanlega munu önnur fræðasvið fylgja í kjölfarið og fjalla um málið frá sínum sjónarhóli.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að hafa þessi inngangsorð fleiri og óska ykkur góðrar ráðstefnu.

Takk fyrir.